

Miðvikudaginn 16. júní 1993.  
 Nr. 185/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands**  
 gegn  
**fjármálaráðherra,**  
**dómsmálaráðherra og**  
**Bifreiðaskoðun Íslands hf.**

Kærumál. Aðild skv. 3. mgr. 25. gr. eml. Frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru 3. maí 1993 samkvæmt c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið til Hæstaréttar úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1993 um frávísun á héraðsdómsmálinu nr. E-2181/1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert að leggja efnisdóm á málið á grundvelli stefnukrafna hans svo breyttra sem rakið er hér á eftir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Í stefnu til héraðsdóms gerði sóknaraðili aðalkröfur í fjórum liðum ásamt kröfu til vara og annarri til þrautavara, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði. Í greinargerð hans til Hæstaréttar er því lýst yfir, að hann falli frá annarri, þriðju og fjórðu aðalkröfu sinni. Hins vegar krefst hann efnisdóms í málinu um fyrstu aðalkröfuna, svo orðaða: „Að viðurkennt verði með dómi, að stefndu, fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., sé óheimilt að krefja þá félagsmenn stefnanda, sem eru eigendur svokallaðra virðisaukaskattsbifreiða, skráðra fyrir 1. janúar 1993, um gjald fyrir ný skráningarmarki ökutækjanna samkvæmt 51. gr., samanber 63. gr. laga nr. 111/1992.” Jafnframt haldast varakrafa hans og þrautavarakrafa óbreyttar.

Hið breytta orðalag á fyrstu aðalkröfu sóknaraðila, sem eftir

stendur, er í samræmi við efni kröfunnar, svo sem því var lýst í stefnu málsins.

Mál þetta hefur sóknaraðili höfðað vegna þess, að virðisauka-skattsskyldir aðilar, er aflað höfðu sendi- eða vörubifreiða undir 5 tonnum að þyngd til notkunar í atvinnurekstri sínum fyrir 1. janúar 1993 og öðlast rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjaldi fyrir bifreiðarnar með því að telja hann til innskatts, munu þurfa að sæta því að skipta um skráningarmarki á bifreiðunum vegna kvaðar í lögum um sérstaka auðkenningu þeirra. Ákvæði laga og reglugerða, sem um þetta fjalla, eru rakin í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt þeim er þessum aðilum talið skylt að setja á bifreiðarnar ný skráningarmarki sérstakrar gerðar, er komi í stað fyrri merkja af almennri gerð, sem bifreiðarnar bera nú, og greiða sams konar gjald fyrir nýju merkin og við átti um hin eldri. Á umskiptunum að vera lokið fyrir 1. júlí 1993. Kveður sóknaraðili fjölmarga atvinnurekendur í hópi félagsmanna sinna teljast háða þessari skyldu, og vilji hann með málsókninni leita viðurkenningar þess, að þeir eigi að vera lausir undan henni. Segir í stefnu, að framkvæmdastjórn sóknaraðila hafi ákveðið höfðun málsins í til-efni af umkvörtunum frá einstökum félagsmönnum og að undan-gengnum erindaskiptum og viðræðum við ráðuneyti dómsmála og fjármála.

Ætla má, að einstakir atvinnurekendur innan sambands sóknar-aðila gætu leitað viðurkenningardóms um kröfur af því tagi, sem hér eru uppi hafðar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um með-ferð einkamála í héraði, og haft lögvarða hagsmuni af að bera greiðsluskyldu sína og gildi ákvæða í lögum og reglugerðum, er um hana fjalla, undir úrskurð dómstóla með þeim hætti. En auk þessa reynir hér á það, hvort það samrýmist tilgangi sóknaraðila sem félagsskapar eða samtaka að gæta þessara hagsmuna fyrir dómi og grípa til aðgerða í eigin nafni vegna gjaldskyldra félagsmanna, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.

Vinnuveitendasamband Íslands var stofnað árið 1934 og er helsti málsvari vinnuveitenda í landinu. Eru um 15 félög og sambönd atvinnurekenda innan vébanda þess, auk einstakra atvinnufyrir-tækja með beinni félagsaðild. Svo sem heiti sambandsins bendir til, er starfsvettvangur þess aðallega á sviði kjarasamninga og annarra

samskipta milli atvinnurekenda og launþega, enda nýtur það viðurkenningar sem félag eða samband atvinnurekenda samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og í annarri löggjöf, er varðar félagsmál. Um tilgang sambandsins segir svo í 2. gr. félagslaga þess, að því sé ætlað „að vera í forsvari fyrir vinnuveitendur gagnvart launþegum, almenningi og hinu opinbera”, sbr. 1. tl., ásamt því meðal annars að standa að gerð kjarasamninga og vera félögum sínum til aðstoðar og ráðuneytis í samskiptum við launþega. Varða ákvæði þessi einkum fyrrgreindan starfsvettvang, og í öðrum greinum félagslaganna er ýtarlega kveðið á um heimildir til aðgerða fyrir hönd félagsmanna á því sviði, svo sem til að gera samninga um kaup og kjör og til að bregðast við vinnustöðvunum eða ákveða þær. Samkvæmt 4. tl. 2. gr. nær tilgangur sambandsins einnig til þess „að móta og koma á framfæri stefnu í málum, sem snerta atvinnureksturinn og stuðla á allan hátt að eflingu hans”, og sýnist þar um að ræða víðtækari skírskotun. Segir og í gögnum málsins, að sambandið beini starfsemi sinni að öðru en kjaramálum í vaxandi mæli. Þannig láti það sig varða stefnumörkun og aðgerðir í efnahagsmálum, skattamálum, verðlagsmálum og fleiri mála-flokkum. Að þessu leyti virðist hlutverk sambandsins þó fremur vera bundið við málefnalegt fyrirvar en beinar ráðstafanir í þágu félagsmanna, og kveða félagslögin ekki á um umboð til aðgerða fyrir þeirra hönd á þessum sviðum.

Ætla má, að flestir atvinnurekendur, sem teljast félagar sambandsins vegna beinnar eða óbeinnar félagsaðildar, stundi virðisaukaskattsskylda starfsemi, en sambandið nær ekki til allra, sem það gera. Ætla má enn fremur, að flestir atvinnurekendur innan sambandsins séu jafnframt aðilar að öðrum hagsmunasamtökum, sem gætu gert svipað tilkall til afskipta af málefninu að sínu leyti. Sakar efni málsins varðar hagsmuni sumra aðila samtakanna, þeirra sem réðu yfir bifreiðum af fyrrgreindu tagi í árslok 1992. Í gögnum málsins er því ekki lýst, hverjir þeir eru né hversu margir, og þá ekki heldur, hve margir aðilar utan samtaka sóknaraðila eigi sams konar hagsmuna að gæta. Þá er ekki ljóst, að hagsmunum þeirra, sem sóknaraðili telur sig vera í forsvari fyrir í málinu, sé að öllu leyti eins háttað, þannig að efnisdómur hefði jafngilda þýðingu fyrir þá alla. Af ákvæðum í lögum sóknaraðila um tilgang sambandsins

og þeim upplýsingum öðrum, sem fyrir liggja um starfsemi þess, er ekki unnt að draga þá ályktun, að það sé á starfssviði sóknaraðila eða samrýmanlegt tilgangi hans að gæta þeirra hagsmuna í dómsmáli, sem kröfur hans í máli þessu snúast um. Með vísan til þessa og annars, sem fyrr var rakið, verður ekki talið, að höfðun málsins fullnægi skilyrðum 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt er eftir atvikum, að hver aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1993.

Mál þetta, er sætir flýtimeðferð, er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 10. og 11. mars sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra, kt. 630578-3559, Arnarhvoli, Reykjavík, dómsmálaráðherra, kt. 500169-7619, til heimilis á sama stað, og Bifreiðaskoðun Íslands hf., kt. 550988-1869, Hesthálsi 6-8, Reykjavík.

Í fyrsta lagi krefst stefnandi þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé óheimilt að krefja eigendur svokallaðra virðisaukaskattsbifreiða, sem skrásettu bifreiðar sínar fyrir 1. janúar 1993, um gjald fyrir ný skráningarkerki ökutækjanna vegna lagaskyldu um sérstaka merkingu bifreiðanna skv. 51. gr. laga nr. 111/1992, sbr. 63. gr. sömu laga. Í öðru lagi krefst stefnandi, að stefnda fjármálaráðherra hafi verið óheimilt að framselja vald sitt til að setja reglur um auðkenni virðisaukaskattsbifreiða skv. 51. gr. laga nr. 111/1992 til dómsmálaráðherra og að skipt væri um skráningarkerki bifreiðanna skv. umferðarlögum. Í þriðja lagi telur stefnandi, að lagastoð skorti fyrir reglugerð stefnda fjármálaráðherra um innskatt nr. 481/1992 og þeim takmörkunum á innskattsfrádrætti vegna sendi- og vörubifreiða, sem ekki eru í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga á hugtökunum sendibifreið og vörubifreið, um, a) að í farmrými sendi- og vörubifreiðar megi ekki vera sætisfestingar, b) að óheimilt sé að nota ökutæki til aksturs milli heimilis og vinnustaðar. Í fjórða lagi er þess krafist,

að viðurkennt verði með dómi, að í f-lið 64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglur um gjöld fyrir skráningarmerki ökutækja felist ekki réttur til skattlagningar á eigendur virðisaukaskattsbifreiða.

Til vara er þess krafst, að eigendur virðisaukaskattsbifreiða, sem skrásettar voru fyrir 1. janúar 1993, eigi rétt á nýjum skráningarmerkjum skv. umferðarlögum á kostnaðarverði þeirra, 900 kr. fyrir parið, að með töldum virðisaukaskatti.

Til þrautavara er þess krafist, að eigendum virðisaukaskattsbifreiða sé heimilt að útbúa sjálfir eða kaupa ný skráningarmerki af öðrum aðilum en Bifreiðaskoðun Íslands hf., enda samræmist slík skráningarmerki þeim kröfum til auðkenningar, sem gerðar eru í reglugerð nr. 476/1992 um breytingu á reglugerð nr. 523/1988 um skráningu ökutækja.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar og málskostnaðar.

Málið var flutt um frávísunarkröfurnar 16. apríl sl. og tekið til úrskurðar að því loknu.

— — —

#### *Niðurstaða.*

Krafa stefndu fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra um frávísun málsins, vegna þess að stefnandi hafi ekki heimild til málshöfðunar, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, er í raun krafa um sýknu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. s. 1. Þessi krafa kemur því ekki frekar til álita í þessum þætti málsins, heldur bíður efnis meðferðar málsins, ef til kemur.

Í máli þessu er engu raunverulegu sakarefni til að dreifa, heldur krefur stefnandi um túlkun á tilteknum ákvæðum laga nr. 111/1992 og umferðarlaga nr. 50/1987 svo og ákvæðum reglugerða, er settar voru með stöð í þessum lögum. Kröfugerð stefnanda er þess eðlis, að hún verður ekki borin undir dómstóla skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 25. gr. s. 1., og ber þar af leiðandi að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til að greiða stefndu, fjármála- og dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., hverjum um sig 60.000 kr. í málskostnað.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, greiði stefndu, fjármála- og dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., hverjum 60.000 kr. í málskostnað.